

SAMNINGUR

Fasteignapróunarfélagið Spilda ehf. kt. 511017-0410 og Garðabær, kt. 5701696109 gera með sér samning um ráðgjöf við þarfagreiningu vegna uppbyggingar byggðar í Vetrarmýri. Svæðið er merkt 4.08 VP í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Samningurinn er gerður til þriggja mánaða frá undirritun.

Í samningi um ráðgjöf við þarfagreiningu felast m.a. eftirfarandi þættir:

- Garðabær og Spilda vinna saman þarfa- og kostgæfnigreiningu fyrir Vetrarmýri.
- Listað verður upp hvers konar þjónustu og fyrirtæki Garðabær vill sækjast eftir að hafa á svæðinu.
- Svæði Vetrarmýrar verður gróflega skipt upp með það í huga að skiptingin nýtist sem undanfari deiliskipulagsvinnu og við úthlutun/sölu lóða.
- Greining á því hvaða kostir eru í stöðunni fyrir Garðabæ varðandi framtíð byggðar í Vetrarmýri, lagt mat á þessa kosti og rýnt í markaðsaðstæður.
- Tímaáætlunir lagðar fram um þá kosti sem eru í stöðunni fyrir Garðabæ, varðandi þróun og sölu byggingarréttar ásamt ráðgjöf um mögulega valkosti.
- Rætt við ákjósanlega kjölfestuaðila sem Garðabær telur henta inn á svæðið út frá fyrirfram skilgreindum samfélagslegum forsendum. Hér er átt við væntanlega leigutaka eða eigendur atvinnuhúsnæðis, hvort sem um er að ræða opinbera aðila, skráð fyrirtæki í Kauphöll, eða aðra atvinnustarfsemi sem áhugaverð er fyrir Garðabæ. Stefnt er að því að með þarfagreiningu sé lagður fram listi yfir þessa aðila með skiptingu niður á einstaka reiti lands.

Umsamin þóknun vegna ráðgjafar er kr. 1.500.000 á mánuði að viðbættum vsk. Garðabær greiðir útlagðan kostnað vegna aðkeyptar þjónustu enda hafi áður verið aflað samþykkis.

Á samningstímanum tryggir Garðabær að Spilda hafi aðgang að starfsfólki Garðabæjar eftir því sem þurfa þykir til að framvinda verkefnisins geti gengið eftir. Spilda mun gera Garðabæ reglulega grein fyrir stöðu verkefnisins. Í lok samningstíma mun Spilda skila Garðabæ skýrslu um þarfa- og kostgæfnisgreiningu og kynna niðurstöður ásamt hugmyndum að uppbyggingaráætlun svæðisins.

Garðabær, xx mars 2019

F.h. Garðabæjar

F.h. Fasteignapr.félagsins Spildu ehf.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Anna Sigríður Arnardóttir,
framkvæmdastjóri

Vottar að rétttri dags.,
undirskrift og fjárræði